

## Fréttatilkynning 15. nóvember 2013

Fagráð Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi hefur tekið til greina 10 kröfugerðir vegna kynferðislegrar misnotkunar (á árunum 1959 til 1984) gegn presti og kennslukonu, en þau eru bæði látin. Einnig bárust fagráðinu 6 aðrar kröfugerðir gegn þeim vegna andlegs eða annars ofbeldis. Ein kröfugerðin varðaði kynferðisleg samskipti tveggja fullorðinna einstaklinga.

Allir sem sendu inn kröfugerðir hafa haft formlegt tækifæri frá árinu 2010 til að koma máli sínu á framfæri við þær tvær óháðu nefndir sem Kaþólska kirkjan setti á stofn og enn fremur við biskupinn. Þeim var lofað að þeim yrði sent endanlegt svar í síðasta lagi 15. nóvember 2013. Í bréfi sínu til þeirra í gær segja stjórnendur Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi að hugur þeirra leiti til fórnarlambanna persónulega og til fjölskyldna þeirra. Eins og páfar og biskupinn hafa margítrekað gert, tjá yfirvöld Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi viðkomandi dýpstu hluttekningu sína vegna þess sem gert hefur verið á þeirra hlut og biðja fórnarlömbin fyrirgefningar á því.

Yfirstjórn Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi hefur gert allar nauðsynlegar ráðstafanir hvað snertir fortíð sem framtíð (sjá um forvarnarráðstafanir á [www.catholica.is](http://www.catholica.is)). Þessar ráðstafanir eru í samræmi við sömu verklagsreglur og tíðkast hjá Kaþólsku kirkjunni um allan heim, og eru í samræmi við íslensk lög. Þær niðurstöður sem Fagráð Kaþólsku kirkjunnar hefur komist að hefur stjórn Kaþólsku kirkjunnar nú með formlegum og ákveðnum hætti sent skriflega í gær sérhverjum þeim sem sendi inn kröfugerð.

„Að áliti fagráðs er kaþólska kirkjan ekki bótaskyld“, í öllum tilvikum nema einu, sem einnig er fyrnt eins og öll þessi tilvik. Enn fremur segir í niðurstöðukafla skýrslu fagráðsins (í sérhverju máli): „Kæmi til greiðslu af hálfu kirkjunnar engu að síður væri það að mati fagráðs umfram lagaskyldu.“

Reykjavíkurbiskupsdæmi hefur síðustu þrjú ár varið miklum tíma, vinnu og orku í þessu mál og hefur af sjálfsdáðum lagt áherslu á að komast til botns í þessu erfiða máli með hlutlægni og vandvirkni að leiðarljósi. Stjórnendur Kaþólsku kirkjunnar hafa gert sitt besta til að leiða málið til lykta og veitt öllum aðilum; nefndum, yfirvöldum og þolendum reglulega allar tiltækar upplýsingar um málið. Allar ráðstafanir sem nú verða gerðar gerir Kaþólska kirkjan af fúsum og frjálsum vilja, sem felur þó ekki í sér viðurkenningu á bótaskyldu samkvæmt íslenskum lagareglum, hvorki beinni né óbeinni.

Eingöngu verður tekið á móti skriflegum fyrirspurnum vegna þessara mála á

netfanginu tengilidir@catholica.is

Með þessum aðgerðum staðfesta kaþólsk kirkjuyfirvöld endanleg lok þessara erfiðu mála. Á undanförunum árum hefur í forvarnarskyni allt verið gert sem í mannlegu valdi stendur til þess að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun í framtíðinni. Kirkjan er að auki ætíð reiðubúin að veita þjónustu og sálusorgun öllum þeim sem þess óska enda er það hlutverk hennar.

+ Pétur Bürcher  
Rolland  
Reykjavíkurbiskup

Séra Patrick Breen  
staðgengill biskups

Séra Jakob  
kanslari